

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 4/2010

frá 29. janúar 2010

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2009 frá 4. desember 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/54/EB frá 18. júní 2009 um hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns (endurútgefín) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/163/EB frá 26. febrúar 2009 um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB að því er varðar skrána yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/54/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 80/777/EBE ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 14, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 45.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 55, 27.2.2009, bls. 41.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 229, 30.8.1980, bls. 1.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Brott falli texti 26. liðar (tilskipun ráðsins 80/777/EBE).
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54v (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB):
„– **32009 D 0163**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/163/EB frá 26. febrúar 2009 (Stjtíð. ESB L 55, 27.2.2009, bls. 41).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzzzc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 124/2009):
„54zzzzd. **32009 L 0054**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/54/EB frá 18. júní 2009 um hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns (endurútgefin) (Stjtíð. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 45).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/54/EB og ákvörðunar 2009/163/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. janúar 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. janúar 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
A. Seatter
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.